

1. tbl. 21. árgangur • Febrúar 2010

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum





Forsíðumyndin er af Judit György, kórstjóra, og jólasveini úr Dimmuborgum sem litu við í kaffibóði stéttarfélaganna rétt fyrir jólin sem fór vel fram. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

Pakkarkveðja

Ég vil koma á framfæri þakklæti til þeirra fjölmörgu sem veitt hafa aðstoð eftir slysi mitt í Húsavíkurfalli þann 11. janúar síðastliðinn, þeirra á meðal:

Björgunarsveitinni Garðari
Sjúkraflutningamönnum
Starfsmönnum FSA
Starfsmönnum Heilbrigðis-
stofnunar Pingeyinga
Ættingjum, vinum og öllum
þeim sem hafa sent mér
góða strauma.

Kær kveðja
Marta María Heimisdóttir

Ágúst boðinn velkominn

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum hafa samið við Félagsþjónustu Norðurlands um að fá lánaðan starfsmann til að sinna félagsmönnum og öðrum þeim launþegum sem falla undir starfsvið VIRK, Starfsendurhæfingarsjóð. Ágúst Óskarsson sem lengi starfaði hjá



Aftur í landsliðið! Ágúst S. Óskarsson sem lengi starfaði hjá stéttarfélagunum við góðan orðstír hefur verið ráðinn í 30% starf hjá félagunum í sex mánuði. Hann mun aðstoða félagsmenn sem dottið hafa útaf vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa til að komast sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn með endurhæfingarræðum.

stéttarfélagunum, áður en hann hóf störf hjá Félagsþjónustunni, mun sinna verkefninu í 30% starfi á Skrifstofu stéttarfélaganna. Virk, Starfsendurhæfingarsjóður mun bera kostnaðinn af starfsmanninum og þeim úrræðum sem verða í boði fyrir þá aðila sem falla undir markmið sjóðsins. Ágúst verður ráðinn í verkefnið í sex mánuði en þá verður skoðað hvernig til hefur tekist og þörfin metin í framhaldi af því. Það er von stéttarfélaganna að reynslan sýni að þörf sé fyrir herra starfshlutfall, enda þó nokkrir félagsmenn sem þurfa á þessari þjónustu að halda á hverjum tíma. Meginmarkmiðið verður að stuðla að því að félagsmenn stéttarfélaganna verði svo virkir á vinnumarkaði sem vinnugeta þeirra leyfir með því að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá einstaklinga sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Sérstök áhersla er lögð á það að koma snemma að málum og koma í veg fyrir að vinnusamband einstaklinga rofni vegna veikinda eða slysa. Nánar er hægt að skoða markmið og tilgang Starfsendurhæfingarsjóðs inn á heimasíðu sjóðsins, virk.is.

Hilmar til starfa hjá stéttarfélagunum



Hilmar Valur hefur búið störf hjá stéttarfélagunum. Hans aðalstarf verður að sinna atvinnuleitendum enda atvinnuleysið mikið á svæðinu. Hilmar mun auk þess sjá um opið búsi fyrir atvinnuleitendur sem verður opið daglega á tímabilinu frá 10:00 til 12:00. Fram að þessu hefur verið góð mæting á opna búsið.

Hilmar Valur Gunnarsson hefur verið ráðinn í tímabundin verkefni á skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Hilmar er ætlað að starfa að málefnum atvinnuleitenda í vetur en rúmlega 200 manns eru skráðir atvinnulausir um þessar mundir á félagssvæði Framsýnar og fer því miður fjölgandi. Hilmar er fæddur og uppalin á Húsavík. Hann útskrifaðist frá Framhaldsskólanum á Húsavík vorið 2004 af félagsfræðibraut, tók hálf t. ár í Idrætshøjskolen í Århus veturinn 2005. Útskrifaðist síðan frá Háskóla Íslands vorið 2009 með B.A. próf í félagsráðgjöf. Áður starfaði Hilmar sem bensíntittur hjá Essó, handlangari hjá Víkursmiði, aðstoðarmaður hjá Steina í Heimabakarí og sem leiðsögumaður og verkamaður hjá Norðursiglingu. Stéttarfélagin bjóða Hilmar velkominn til starfa.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum leggja mikið upp úr því að trúnaðarmenn séu á sem flestum vinnustöðum í Pingeyjarsýslum. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga ber að kjósa trúnaðarmenn á vinnustöðum þar sem starfa fleiri en fimm starfsmenn. Í dag er öflugt net trúnaðarmanna hjá félagunum og er mikið lagt upp úr því að fræða þá um sitt hlutverk. Næsta námskeið fyrir trúnaðarmenn verður haldið 15. til 16. apríl. Ekki er búið að ganga frá því hvar námskeiðið verður haldið en líklega verður það haldið á Illugastöðum eða í Mývatnssveit. Þá er rétt að geta þess að um leið og búið er að kjósa eða tilnefna trúnaðarmenn ber að tilkynna það til Skrifstofu stéttarfélaganna sem þarf að staðfesta kjörið.



Sigurður Kjerfjell er nýjasti trúnaðarmaður Framsýnar en hann blut kosningu meðal starfsmanna Olís á Húsavík í síðustu viku. Sigurður var um tíma trúnaðarmaður starfsmanna í Alverinu í Straumsvík.

Launagreiðendur athugið!

Nýir iðgjaldareikningar fyrir Framsýn og Pingið hafa verið teknir í notkun.

Öll iðgjöld sem launamenn ávinna sér frá 1. janúar 2010 leggjast inn á þessa nýju reikninga.

Framsýn- kennitala: 680269-7349
Reikningsnúmer: 0192-26-101

Pingiðn- kennitala: 490272-4109
Reikningsnúmer: 0192-26-457

Uppgjör iðgjalda vegna ársins 2009 leggist inn á 0192-26-21 eins og verið hefur.

Allar nánari upplýsingar má fá á skrifstofu stéttarfélaganna, Garðarsbraut 26 eða í síma 464-6600.



Góð saman, Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður Framsýnar er hér ásamt binum landspekkta Vilhjálmi Bjarnasyni. Þau eiga það sameiginlegt að vera talsmenn réttlætis og beidarléika sem þau hafa búið sýnt með verkefnum sínum, Bógga á sviði verklaðsmála og Vilhjálmi á sviði fjármálageirans. Vilhjálmi hefur ekki síst verið duglegur að benda á allt ruglið í kringum útrásarvirkninga og spillinguna í kringum þá.

Aðalfundur STH styrkir kvenfélagið



Stefán færði fulltrúum kvenfélagsins styrk frá STH.

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn um miðjan desember á veitingastaðnum Sölu. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa var fundargestum boðið upp á jólahlaðborð eins og á síðasta ári. Góður rómur var gerður að veitingunum en um 50 manns mættu á fundinn. Stefán S. Stefánsson formaður fór yfir starfsemi félagsins síðasta árið. Starfsemi félagsins var með meira móti enda miklar hræringar í efnahagslífinu. Orlofsmál félagsins hafa einnig verið í vinnslu hjá stjórn félagsins og er stefnt að viðamiklum breytingum í þeim efnum. Nú standa yfir viðræður um sölu á orlofshúsi félagsins í Munaðarnesi og þá er ráðgert að fara í viðamiklar endurbætur á orlofshúsi félagsins að Eiðum. Fram kom að nýting félagsmanna á niðurgreiðslum á tjaldstöðum hefði aukist nokkuð og voru þeir hvattir til að nýta sér þennan kost enn frekar. Stjórn félagsins tilkynnti hækkun leiguverðs á íbúð félagsins í Sólheimum í Reykjavík en langt er síðan leiguverðið hefur breyst. Eftir hækkun kostar vikan kr. 16.000 fyrir félagsmann og stök nótt kr. 3.500. Utanfélagsmenn greiða kr. 20.000 fyrir vikuna og kr. 4.500 fyrir hverja nótt. Einnig var ákveðið að hækka heilsuræktarstyrk úr kr. 5.000 á ári í kr. 8.000. Samþykktar voru breytingar á úthlutunarreglum Starfsmenntasjóðs STH sem fela í sér að réttur til styrkja tengist meira greiðslum til sjóðsins. Þetta var gert til tryggja að samræmi sé á milli framlaga til sjóðsins og réttarins til styrkja úr sjóðnum. Á fundinum var samþykkt að styrkja líknarsjóðs Kvenfélags Húsavíkur um kr. 200.000,- til að stýðja við góð málefni í samfélaginu. Snæbjörn Sigurðarson skrifstofustjóri stéttarfélaganna fór yfir ársreikning félagsins og þar kom fram að hagnaður ársins 2008 var ríflega 6 milljónir króna, sem var nokkur aukning frá árinu á undan. Til stendur að breyta rekstrarfyrirkomulagi Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sem

STH er aðili að. Framsýn- stéttarfélag mun taka við daglegum rekstri skrifstofunnar og mun sjá um þjónustu við Starfsmannafélag Húsavíkur og Þingið með sama hætti og Skrifstofa stéttarfélaganna hefur gert. Þessi breyting mun einfalda rekstur félagananna og spara um leið nokkrar fjárhæðir. Að loknum fundarstörfum var fundargestum boðið upp á jólahlaðborð. Stjórn Starfsmannafélagsins var endurkjörin með lófataki en hana skipa Stefán S. Stefánsson formaður, Guðrún K. Magnúsdóttir ritari, Ása Gísladóttir gjaldkeri, Björn Hólmgeirsson meðstjórnandi og Helga Eyrún Sveinsdóttir meðstjórnandi.

Aðrir sem kjörnir voru:
Skoðunarmenn reikninga
Guðmundur Guðjónsson
Jóhanna Björnsdóttir
Varamaður:
Sveinn Hreinsson

Orlofsnefnd:
Málmfríður Sigtryggisdóttir
Karl Halldórsson

Fulltrúar í stjórn Lsj. Starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar:
Ása Gísladóttir
Varamaður:
Stefán S. Stefánsson

Ferðanefnd:
Jóhanna Björnsdóttir
Margrét Schiöth
Frímann Sveinsson
Varamaður:
Árni Sigurðsson

Fulltrúar STH í Starfskjaranefnd:
Stefán S. Stefánsson
Hjálmar Hjálmarsson
Varamaður:
Sigmundur Þórgímsson

Fulltrúar STH í Starfsmenntunarsjóði:
Stefán S. Stefánsson
Guðrún Guðbjartsdóttir
Varamaður:
Helga Árnadóttir

Uppgangur í Haukamýri



Gunnar Illugi einn besti trommari landsins er hér með Friðriki Mar sem er einn af mættarstólunum í meistaraflökksliði ÍFV í knattspyrnu. Þeir starfa báðir hjá fiskeldinu og létu vel af því.

Á félagssvæði Framsýnar eru starfandi fjögur öflug fiskeldis-fyrirtæki og milli þeirra er gott samstarf. Eitt af þessum fyrirtækjum starfar á Húsavík, það er Fiskeldið Haukamýri ehf. Þar starfa sjö starfsmenn, sem allir eru í rúmlega fullu starfi. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á bleikju. Á þessu ári er áætlað að framleiðslan verði um 150 tonn sem að mestu er flutt út á erlenda markaði eða um 90%. Um 4 tonn af afurðum fara að jafnaði frá fyrirtækinu í hverri viku. Þá framleiðir fyrirtækið einnig mikið af seiðum. Fiskeldið hefur einnig orðið að kaupa seiði frá öðrum stöðvum í áframhaldandi eldi. Þess má geta að samstarf hefur verið milli Rífóss í Kelduhverfi og Fiskeldisins í Haukamýri um fiskeldi og vinnslu á afurðum. Þá hafa staðið yfir miklar framkvæmdir hjá fiskeldinu í Haukamýri. Undanfarið hefur verið unnið að stækkun og reiknað

er með að taka nýtt vinnsluhúsnæði í gagnið síðar í vetur. Jafnframt er unnið að því að ganga frá nýju sjálfvirku fódurkerfi sem auðvelda mun starfsmönnum alla vinnu við fóðrun. Fram að þessu hafa þeir orðið að handfóðra bleikjuna í stöðinni en hún innbyrðir um 200 tonn af fóðri á ári. Þegar formaður Framsýnar var í heimsókn í fyrirtækinu var allt að gerast. Starfsmenn Fiskeldisins voru að ganga frá hráefni til útlutnings og iðnaðarmenn frá Norðurvík stóðu í breytingum á húsnæði Fiskeldisins og starfsmenn Höfðavéla ehf. voru í jarðvegsframkvæmdum fyrir stöðina, enda stendur til að stækka stöðina enn frekar. Formaður Framsýnar sagði að það hefði verið afar ánægjulegt að sjá þann mikla kraft sem einkenndi starfsemina í Haukamýrinni. Þar væri uppgangur og mikið að gerast.



Siggi og Trausti eru drengir góðir og starfa hjá Höfðavélum. Þeir voru að ganga frá ýmsu við stöðina enda hafa miklar framkvæmdir staðið þar yfir undanfarna mánuði.

Glatt á hjalla

Formaður Framsýnar fór fyrir nokkru í heimsókn í Borgarhólsskóla. Þar tóku á móti honum skólaliðar og stuðningsfulltrúar. Rúmlega 300 nemendur eru í skólanum. Mörg mál voru reifuð s.s. kjör starfsmanna og málefni Framsýnar. Fundurinn

var vinsamlegur að venju enda bara frábærir starfsmenn sem sinna þessum þýðingarmiklu störfum í Borgarhólsskóla. Vinnustaðaheimsóknunum á vegum Framsýnar verður fram haldið í febrúar og mars.



Það voru góðar umræður á fundinum í Borgarhólsskóla. Sumir sáu ástæðu til að brosa svoltíð en hér er bluti þeirra starfsmanna skólans sem voru á fundinum.

Margt leynist í Bárðardalnum

Formaður Framsýnar var fyrir nokkrum dögum á ferðinni í Bárðardalnum en eins og fjallað hefur verið um í Fréttabréfinu hafa talsmenn félagsins verið í vinnustaðaheimsóknunum í héraðinu sem hafa mælst afar vel fyrir. Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja vinnustaði í Bárðardal. Með honum í för var Jón Sveinn Þórólfsson sem lengi bjó í Bárðardal, það er áður en hann flutti til Húsavíkur. Ferðin hófst á því að komið var við hjá

Ragnari Hallssyni stórbónda á Arndísarstöðum. Ragnar og Þuríður búa þar myndarlegu búi. Því næst var haldið í Stóruvelli til Garðars Jónssonar sem þekktur er fyrir framleiðslu á kertum, tól og hamsatól. Þaðan var brunað í Kiðagil þar sem rekinn er leikskóli og öflug ferða- og fræðastarfsemi. Það leynast ekki bara útilægumenn í dalnum heldur er fullt af fólki, ekki síst ungu fólki, sem er að gera frábæra hluti í Bárðardalnum sem mikill sómi er að.



Garðar á Stóruvöllum hefur verið að gera góða hluti með framleiðslu á kertum, hamsatól og tól. Til dæmis má nefna að fyrirtækið framleiddi um 35 þúsund kerti á síðasta ári. Um fjögur stöðugildi eru hjá fyrirtækinu sem hóf starfsemi 1992. Hráefnið í vinnsluna kemur allt frá Norðlenska. Á myndinni eru Garðar, Þuríður og Svana broandi enda alltaf gaman í vinnunni á Stóruvöllum.



Ragnar og Þuríður búa með kjr, kindur og geldneyti á Arndísarstöðum. Hér er Ragnar með Jóni Sveini sem leiddi formann Framsýnar um vinnustaði í Bárðardalnum og sagði honum þjóðsögur og aðrar sögur af mannlífni á Bárðardalnum enda frá mörgu að segja.



Það er alltaf jafn heimilislegt að koma í leikskólann í Kiðagili. Í leikskólanum eru sex börn sem fá góða umönnun hjá frábærum starfsmönnum sem þar starfa. Hér eru þær Birna Davíðsdóttir og Ásta Hrönn Hersteinsdóttir að gefa börnunum að borða.



Útibú Landsbankans á Húsavík hefur nú verið tekið allt í gegn enda löngu komin tími á það. Búið er að skipta um innréttingar og lagnir sem voru komnar á tíma. Öll aðstæða starfsmanna og þar með aðkoma fyrir viðskiptavini bankans mun gjörbreytast við breytingarnar til hins betra. Guðný og Anna Heba starfsmenn Landsbankans voru að vonum ánægðar með andlitsbreytinguna á bankanum þegar tíðindamaður Fréttabréfsins innti þar eftir því.



Kiðagil ehf. rekur öfluga starfsemi í Kiðagili. Starfsemin byggir m.a. á ferðabjónustu, námskeiðabaldi, skólabúðum og þá var í sumar sett upp sýning um útilægumenn sem vakti töluverða athygli sem og jólablaðborð sem þau stóðu fyrir í desember. Magnús Skarphéðinsson og Sigurgeir Ólafsson gerðu formanni Framsýnar grein fyrir rekstrinum og framtíðarþáttum en þeir reka staðinn í samstarfi við aðra aðila. Þeir félagar sögðust bjóða upp á flest nema hjúskaparmíðlun. Til gamans má geta þess að um 1.500 manns komu á þín viðfrægu kaffiblaðborð sem Kiðagil bauð upp á í sumar. Full ástæða er til að taka battinn ofan fyrir þessum öflugum frumkvöðum sem eru að gera frábæra hluti í Kiðagili.

Atvinnurekendur ATH!

Hvetjum atvinnurekendur til að hafa samband við Hilmar á skrifstofu stéttarfélaganna (framsyn@framsyn.is) ef einhver laus störf eru í boði.

Framsýn.

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG PINGEYINGA

Þingiðn fundar



Stjórnarmenn Þingiðnar funduðu á Sölku fyrir jólin og fóru yfir málefni félagsins. Á myndina vantar stjórnarmanninn Jónmund Adalsteinsson sem komst ekki á fundinn. Starfsemi félagsins var líflæg á síðasta ári. Á fundinum var samþykkt að gera vel við félagsmenn í vetur og miðurgreiða leikbúsmiða fyrir þá á leiksýningu sem verid er að setja upp í Reykjadal. Nánar auglýst síðar.

Seiðaframleiðsla í fullum gangi

Norðurlax, sem er hlutafélag, hefur lengi starfrækt seiðaeldisstöð á Laxamýri við Húsavík, eða frá árinu 1972. Fyrir þann tíma var fyrirtækið með smá eldi á Húsavík. Samhliða eldinu á Laxamýri hóf fyrirtækið síðan aftur eldi á Húsavík, það er í Traðagerði fyrir nokkrum árum. Norðurlax framleiðir um 5 til 6 hundruð þúsund seiði á ári. Um

er að ræða laxaseiði sem sleppt er í allar helstu laxveiðiár landsins til eflingar íslenska laxastofninnar auk þess sem Norðurlax framleiðir silungsseiði. Um er að ræða regnbogasilung. Hugmyndin er að rækta hann upp í sláturstærð til sölu á innanlandsmarkað. Um tvö stöðugildi eru hjá fyrirtækinu.



Adalsteinn Haraldsson er hér að skoða seiði en hann hefur lengi starfað hjá Norðurlaxi og hefur því mikla og góða starfsreynslu á þessu sviði.

Skötuveisla GPG

GPG-Fiskverkun á Húsavík stóð fyrir árlegri skötuveislu 18. desember í húsakynnum fyrirtækisins á Húsavík. Starfsmenn komu saman auk nokkurra gesta sem boðið var

í veisluna m.a. formanni Framsýnar. Skatan og reyndar allar veitingar smökkuðust afar vel og til mikils sóma.



Óli og Palli sánu um að elda og bera á borð og stóðu sig afar vel í því hlutverki enda mettnuð þeir tugir manna.

Icesave til umræðu



Þrátt fyrir miklar annir gaf Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sér tíma til að fjúga til Húsavíkur og ræða við stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar um mál mállanna, Icesave sem er afar virðingarvert.

Framsýn stéttarfélag hefur undanfarið staðið fyrir tveimur kynningarfundum um skuldbindingar Íslendinga gagnvart Icesave. Góðir gestir hafa komið á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs félagsins og sagt sínar skoðanir á málefnum. Þeir eru Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Höskuldur Þórhallsson pingmaður og Ólafur Darri Andrason hagfræðingur

ASÍ. Fundirnir hafa verið mjög góðir þrátt fyrir að stjórnar og trúnaðarráðsmönnum Framsýnar hafi ekki tekist að mynda sér skoðanir á því hvort þeir eigi að samþykkja eða fella Icesave samkomulagið í þjóðaratkvæðagreiðslu sem væntanlega fer fram síðar í vetur. Ýtarlega er fjallað um fundina á heimasíðu Framsýnar, framsyn.is



Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ og Höskuldur Þórhallsson voru gestir á fundi Framsýnar um Icesave málið. Þeir voru ekki sammála um hvað væri best að gera í stöðunni en brostu samt í fundarlok.

Ert þú einn af þessum mörgu!

Samkvæmt vefmælingum fara hundriðir manna daglega inn á heimasíðu stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum, framsyn.is.

Spurningin er, ert þú einn af þeim eða ekki? Vertu í vinningsliðinu og kíktu á síðuna enda er hún opin öllum, ekki bara fróðleiksfúsu fólki.

Salurinn þétt setinn

Í lok febrúar hélt Framsýn kynningarfund með atvinnulausum á Húsavíkursvæðinu í samvinnu við Vinnumálastofnun. Soffía Gísladóttir forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra sagði frá tilgangi og reglum vinnumarkaðsúræða og Adalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar fór yfir atvinnuástandið sem er afar slæmt um þessar mundir og tillögur félagsins sem miða að því að aðstoða atvinnulausa. Fundarsalurinn var þétt setinn enda um 200 manns án atvinnu á félagssvæðinu. Adalsteinn sagði

að til stæði að hafa opið hús fyrir atvinnulausa í fundarsal félagsins. Boðið yrði upp á kaffi, ráðgjöf, blöð, tímarit og internetaðgang. Hann skoraði á alla fundarmenn að koma og taka þátt í átaki félagsins til eflingar atvinnulausum. Markmiðið með verkefninu væri að bjóða upp á afþreyingu fyrir atvinnuleitendur og hjálpa þeim við að auka líkurnar á því að komast aftur í vinnu. Rétt er að geta þess að Opna húsið er opið daglega frá kl.10:00 til 12:00 og hefur fram að þessu verið vel sótt. Ef þú ert atvinnulaus, láttu þá endilega sjá þig.

Framsýn í fararbroddi!

Framsýn kappkostar að gera vel við félagsmenn

Við bjóðum fullgildum félagsmönnum m.a. upp á eftirfarandi:

- Sjúkradagpeninga í veikindum eftir greiðsluskyldu atvinnurekenda
- Sjúkradagpeninga vegna langveikra barna félagsmanna
- Sjúkradagpeninga vegna veikinda maka enda verði þeir fyrir vinnutapi
- Pátttöku í kostnaði vegna sjúkrabjálfunar
- Pátttöku í kostnaði vegna sjúkranuðs
- Pátttöku í kostnaði vegna heilsunuðs
- Pátttöku í kostnaði vegna meðferðar hjá kírópraktorum
- Pátttöku í kostnaði við áhættumat hjá Hjartavernd og sambærilegum aðilum
- Pátttöku í kostnaði við reglubundna krabbameinsleit
- Pátttöku í kostnaði við glasafrjóvgun
- Pátttöku í kostnaði við útför félagsmanna
- Pátttöku í kostnaði við sálfræðiaðstoð
- Pátttöku í kostnaði við gleraugna kaup
- Pátttöku í kostnaði vegna kaupa á linsum
- Pátttöku í kostnaði vegna laser augnaðgerða
- Pátttöku í kostnaði vegna kaupa á heyrnartækjum
- Pátttöku í kostnaði vegna læknaaðgerða erlendis
- Pátttöku í kostnaði við dvöl á NLFI í Hveragerði
- Pátttöku í kostnaði vegna áfengismeðferðar
- Pátttöku í kostnaði við Detox meðferð
- Pátttöku í kostnaði vegna leikfimi fyrir hjartveika
- Pátttöku í ferðakostnaði vegna veikinda innanlands
- Fæðingarstyrk til félagsmanna
- Heilsueflingarstyrk til félagsmanna
- Allt að 100 þúsund króna styrk vegna meiraprófsnámskeiða
- Allt að 60 þúsund króna styrk vegna náms- og námskeiðskostnaðar
- Allt að 18 þúsund króna styrk vegna tómstundanámskeiða
- Sérstökum námstyrkjum til viðbótar ef um dýrt nám er að ræða
- Styrkjum til kaupa á hjálpartækjum ætluðum til stuðnings við lestur og skrift
- Ódýra gistingu í orlofsíbúðum í Reykjavík
- Ódýra gistingu í orlofsíbúð á Akureyri
- 15% afslátt af skoðunargjöldum ökutækja
- 15% afslátt í Jarðböðin í Mývatnssveit
- Niðurgreidda miða í Hvalfjarðargöngin
- Niðurgreidda gistingu á Hótel Keflavík
- Niðurgreidda gistingu á Fosshótelum
- Niðurgreidda gistingu á Farfuglaheimilum
- Niðurgreidda gistingu á tjaldsvæðum
- Lögfræðiaðstoð sem tengist atvinnu félagsmanna

Rétt er að árétta að niðurgreiðslur og styrkir til félagsmanna taka mið af félagsgjöldum og reglugerðum félagsins á hverjum tíma. Ljóst er að greiðandi félagar eiga góðan rétt hjá Framsýn sem er samkvæmt skoðanakönnunum eitt virtasta stéttarfélag landsins meðal félagsmanna.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Framsýnar, framsyn.is

Besti fundur sjómanna í mörg ár

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar var haldinn 30. desember í fundarsal félagsins. Fundurinn var mjög vel sóttur og miklar umræður urðu á fundinum sem stóðu yfir í tæpa fjóra tíma. Þrátt fyrir að formlegum aðalfundi lyki fyrr héldu menn áfram að ræða sín mál enda fundarmönnum mikið niðri fyrir. Þá má geta þess að fundurinn var einn af fjölmennari fundum sem haldnir hafa verið á vegum deildarinnar í mörg ár. Um 70% þeirra sem komu á fundinn í gær starfa á skipum sem ekki eru með heimahöfn á félagssvæði Framsýnar. Fyrir nokkrum árum var þessu öfugt farið, það er þegar öflug útgærd var til staðar á Húsavík. Formaður deildarinnar, Jakob Hjaltalín, fór yfir skýrslu stjórnar og kom víða við. Meðal annars kom hann inn á að tæplega 100 sjómenn væru í deildinni. Hann fór yfir kjaramál sjómanna. Ákvörðun stjórnvalda um að fella niður sjómannaafsláttinn í áföngum. Formannafundur Sjómanna-sambandsins sem haldinn var í Vestmannaeyjum í haust og Sjómennt fræðslusjóð sjómanna. Þá sagði hann stóðu Framsýnar góða og

félagið nýti mikillar virðingar meðal félagsmanna. Töluvert væri um að sjómenn úr öðrum stéttarfélögum leituðu eftir aðstoð frá félaginu. Síðasta stjórn deildarinnar hefði verið þannig skipuð: Jakob Gunnar Hjaltalín, Stefán Hallgrímsson, Matthías Sigurðsson, Björn Viðar og Haukur Hauksson. Eftir góða skýrslu formanns urðu umræður um skýrsluna og málefni sjómanna. Þá þökkðu menn formanni Framsýnar, Aðalsteini Á. Baldurssyni, fyrir grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið um sjómannaafsláttinn. Í umræðunum á fundinum kom ýmislegt fram. Umræður urðu um kjaramál sjómanna, sjómannaafsláttinn, lífeyrissjóðsmál, málefni Sjómanna-sambandsins og Alþýðusambands Íslands auk þess sem fundurinn ályktaði um sjómannaafsláttinn. Í lok fundar var boðið upp á veitingar auk þess sem fundarmenn fengu gjafir frá félaginu, það er sögu Framsýnar ásamt húfu með merki félagsins.

Ályktun um sjómannaafsláttinn
Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar- stéttarfélags mótmæltir

harðlega áformum stjórnvalda um að fella niður sjómannaafsláttinn í áföngum og leggja þar með stóráukna skattbyrði á herðar sjómanna. Sjómannaafslátturinn hefur verið hluti af kjörum sjómanna í um hálfa öld. Sjómannadeild Framsýnar hafnar því ekki að málið verði tekið upp í þríliða viðræðum í næstu kjarasamningum milli stjórnvalda, LÍÚ og stéttarfélaga sjómanna. Til umræðu verði einnig fæðis- og hlífðarfatakostnaður

sjómanna þar sem það er mjög óeðlilegt að þessar greiðslur, sem útgæðin greiðir sjómönnum, flokkist sem laun og séu skattlagðar sem slíkar. Dagpeningar sem greiddir eru til annarra stétta vegna ferðalaga á vegum vinnuveitanda eru hins vegar ekki skattlagðir. Sjómannadeild Framsýnar ítrekar kröfuna um að Alþingi falli frá öllum áformum sem miða að því að skerða kjör sjómanna umfram aðrar stéttir í landinu.



Kynslóðaskipti. Matthías hvarf úr stjórn og Kristján Þorvarðarson kom nýr inn í stjórn. Auk hans eru í stjórn, Jakob Gunnar, Stefán Hallgríms, Haukur Hauks og Björn Viðar.



Haukur Hauks var ekki ánægður með að ársfundur ASÍ skyldi hafna tillögu þess efnis að atvinnurekendur færu út úr stjórnun lífeyrissjóða. Aðrir fundarmenn tóku heilsugar undir með Hauki. Samþykkt var að ítreka ályktun félagsins um lífeyrissjóðsmál frá síðasta aðalfundi deildarinnar.



Kristján, Valgeir og Einar starfa allir hjá Brim hf. sem er eitt öflugasta sjávarútvegssvafyrirtæki á Íslandi. Á fundinum kom fram almenn ánægja meðal starfsmanna Brims hf., sem fjölmenntu á fundinum, með fyrirtækið og samskipti við eigendur þess.

Jólagleði á Húsavík

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum stóðu fyrir sínu árlega jólaboði í fundarsal stéttarfélaganna um miðjan desember. Vel á fjórða hundrað manns komu við og þáðu veitingar, dagatöl og minnisbækur frá stéttarfélagunum. Tónlistarskóli Húsavíkur sá um frábær tónlistatriði auk þess sem kvennakór kom fram og söng nokkur falleg jólalög. Jólaveinarnir úr Dimmuborgum voru að sjálfsögðu á staðnum og sögðu börnunum sögur af þeim, Grýlu og Leppalúða við mikla gleði barnanna. Heimabakarí sá um brauðið og meistaraflokkur Völsungs sá

um að hjálpa gömlum og preyttum starfsmönnum stéttarfélaganna við að þjóna öllum þeim fjölda gesta sem komu í kaffibóðið. Takk fyrir okkur.



Mikil gleði við útskriftina



19 nemendur útskrifuðust sem Sérhæfðir fiskvinnslumenn. Þar af voru 17 Pólverjar og 2 Íslendingar. Námskeiðið gekk afar vel og voru allir ánægðir með hvernig til tókst.

Þann 8. janúar lauk 40 klukkustunda námskeiði fyrir fiskvinnslufólk sem stóð yfir í fimm daga. Margir þættir voru teknir fyrir á námskeiðinu er varða dagleg störf fiskvinnslufólks. Starfsmennirnir komu frá þremur fyrirtækjum, Vísi hf., Reykfiski og Laugafiski. Þess má geta að þetta er þriðja námskeiðið sem Framsýn stendur fyrir á réttu ári í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu og Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar. Þegar námskeiðinu var slitið þakkaði formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson nemendum og samstarfsaðilum, það er fyrirtækjum og Sjávarútvegsráðuneytinu fyrir gott samstarf og sagði námskeiðið hafa tekist afar vel. Nemendur tóku undir orð formanns Framsýnar og sögðu námskeiðið hafa bæði verið fræðandi og eins skemmtilegt en hefði mátt vera lengra. Aðalsteinn sagði við hæfi að taka lagið áður en formleg útskrift hæfist og sagðist hafa kallað til tvo afburða tónlistarmenn, þá Snæbjörn Sigurðarson starfsmann stéttarfélaganna og Sigurð Illugason málara til að taka lagið. Að sjálfsgöðu væri við hæfi, að

taka lagið sem Sumargleðin gerði svo frægt á sínum tíma í flutningi Magnúsar Ólafssonar, það er lagið Prins Póló, sem vísaði til áhuga Íslendinga á sælgæti sem framleitt væri í Póllandi. Því næst tóku félagarnir lagið og það varð allt gjörsamlega vitlaust. Nemendur grétu úr hlátri auk þess að taka vel undir í viðlaginu. Það er óhætt að segja að félagarnir, Sigurður og Snæbjörn hafi stolið senunni. Því næst var komið að því að afhenda öllum nemendum rós og viðurkenningarskjal fyrir góðan námsárangur sem staðfestir að þeir séu orðnir Sérhæfðir fiskvinnslumenn. Það gerðu þeir Aðalsteinn Á. Baldursson frá Framsýn og Ingólfur Hjaltalín frá Vísi hf. Að lokum var svo boðið upp á kaffi og tertu. Framsýn þakkar nemendum fyrir góða ástundun, kennurum fyrir þeirra framlag og fyrirtækjum á svæðinu sem sendu nemendum á námskeiðið og síðast en ekki síst fær Hulda Lilliendahl verkefnastjóri Starfsfræðslunefndarinnar þakkir fyrir skipulagninguna.



Fólk gjörsamlega grét úr hlátri þegar Siggí og Snæbjörn sungu lagið Prins Póló við útskriftina og þó nokkrir tóku undir í viðlaginu og sungu Prins Póló af mikilli innlifun þrátt fyrir að hafa ekki heyrt lagið áður.

Auglýsing um kjör í stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar- stéttarfélags starfsárin 2010 – 2012

AÐALSTJÓRN:
Aðalsteinn Árni Baldursson
Kristbjörg Sigurðardóttir
Olga Gísladóttir
Jakob G. Hjaltalín
Snæbjörn Sigurðarson
Svava Árnadóttir
Torfi Aðalsteinsson
VARASTJÓRN:
Sigrún Arngrímsdóttir
Aðalsteinn Óskarsson
Dómhildur Antonsdóttir
María Jónsdóttir
Aðalsteinn Gíslason
Katrín Sigtryggsdóttir

Vinnustaður:
Skrifstofa stéttarfélaganna
Sambýlið Pálsgarði
Silfurstjarnan hf.
Olís
Skrifstofa stéttarfélaganna
Framsýn
Jarðboranir hf.

Húsmóðir
Jarðboranir hf.
Borgarhólsskóli
Reykfiskur
Reykfiskur
Heilb.stofnun Þingeyinga

TRÚNAÐARMANNARÁÐ:
Unnur Guðjónsdóttir
Haukur Tryggvason
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Ragnhildur Jónsdóttir
Gunnar Sigurðsson
Þórir Stefánsson
S. Páll Helgason
Þráinn Þráinsson
Einar Friðbergsson
Guðný Grímsdóttir
Agnes Einarisdóttir
Ágústa Ágústsdóttir
Ósk Helgadóttir
Ólver Þráinsson
Valgeir Páll Guðmundsson

Vinnustaður:
Regula- lögmennsstofa
Húsbóndi
Leikskólinn Grænuvellir
Rífós hf.
Röndin ehf.
Vegagerð ríkisins
Rífós hf.
Olís
Borgarhólsskóli
Laugafiskur hf.
Sparisjóður S-Þing.
Fjallalamb
Stórutjarnarskóli
Norðlenska
Sjóvá

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingartillögum um félagi á einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félaga í trúnaðarstöður fyrir næstu starfsár. Breytingartillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 40 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 80 fullgildra félagsmanna. Skyld er að koma breytingartillögum til Skrifstofu stéttarfélaganna, Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 1. mars 2010. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar

Tilkynning - Viltu vera félagi -

Á árinu 2009 greiddu til Framsýnar- stéttarfélags 1931 launamenn iðgjöld skv. ákvæðum kjarasamninga.

Félagið gættir hagsmuna þeirra allra gagnvart atvinnurekendum í héraði og fer með umboð þeirra í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á landsvísi. Allir sem greitt er af til félagsins afla sér réttinda í sjóðum þess og njóta verndar þeirra kjarasamninga sem félagið gerir og allir sem greitt er af eru færðir á félagaskrá sem fullgildir félagsmenn nema þeir óski eftir því að vera ekki á henni. Það athugist að einungis fullgildir félagsmenn njóta kosningaréttar og kjörgengis í félaginu. Hér með er þeim tilmælum beint til þeirra launamanna sem greiddu iðgjöld til félagsins á árinu 2009 en vilja ekki vera á félagaskrá sem fullgildir félagsmenn að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sem allra fyrst.

Stjórn Framsýnar- stéttarfélags

Náðu loks formanni!



Skarphéðinn og Ingvar voru að vonum ánægðir með að ná loks í skottið á Aðalsteini eftir ítrekaðar tilraunir.

Lögglumenn á Húsavík komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna daginn fyrir gamlársgang til að ná tali af Aðalsteini Á. Baldurssyni formanni félagsins. Laganna verðir höfðu ítrekað reynt að ná í skottið á Aðalsteini en án árangurs. Erindi þeirra var að þakka fyrir stuðning Framsýnar- stéttarfélags við lögregluna og sýslumannsembættið

á Húsavík í kjölfar áætlana um verulegan niðurskurð í starfsemi embættisins með tilheyrandi fækkun starfa. Stjórn Framsýnar ályktaði um málið í október sl. þar sem varað var við þessum fyrirætlunum. Lesa má ályktunina á heimasíðu félagsins framsyn.is

Heimsókn í Laugafisk



Það var allt á fullu í Laugafiski þegar forsvarsmenn Framsýnar voru þar á ferð í lok janúar.

Erindreki Framsýnar fór í vinnustaðaheimsóknir í Reykjadalinn. Komið var við hjá Laugafiski og versluninni á Laugum sem er í sama húsi og Dalakofinn. Eins og alltaf, var vel tekið á móti gestinum frá Húsavík. Nýr verkstjóri Pétur að nafni og trúnaðarmaður Framsýnar, Guðný Grímsdóttir, fóru lauslega yfir starfsemina hjá Laugafiski sem hefur undanfarin ár verið mjög blómleg og veitt mörgum atvinnu. Í samtölum við starfsmenn voru þeir nokkuð ánægðir með sig. Þess má geta að Laugafiskur er dótturfyrirtæki Brims hf og annast þurrkun allra hausa og hryggja sem til falla hjá félaginu. Laugafiskur var stofnsett 1988 en hefur verið rekið í núverandi mynd frá því um 2000 en um það leyti var allur búnaður

til vinnslunnar endurnýjaður og er nú eins fullkominn og gerist í greininni. Á Laugum starfa um 20 starfsmenn. Framleiðsla þurrkaðra fiskafurða hefur verið með ágætu móti undanfarin ár og hefur að öllu leyti verið seld á Nígeríumarkað. Nígería er eini markaðurinn fyrir þurrkaðar afurðir sem stendur og Laugafiskur er stærsti íslenski framleiðandinn en á auk þess 45% hlut í hausapurrkun í Færeyjum. Þetta þýðir að vöruþróunin sjálf er í beinu samhengi við þarfir Nígeríumarkaðar en hann gerir miklar gæðakröfur. Þar gegna þurrkaðar fiskafurðir sama hlutverki og íslensk kjötsúpa gerði á árum áður. Það er undirstaða matargerðar austur-Nígeríumanna að mörgu leyti.

Atvinnuleitendur ATH!

Stéttarfélagin eru með opið hús í fundarsal félagsins alla virka daga frá kl. 10:00 til 12:00 fyrir atvinnuleitendur. Boðið er upp á kaffi, skemmtilegar samræður, blöð, tímarit og internetaðgang. Þar má einnig sjá atvinnuauklýsingar.

Láttu endilega sjá þig.
Stéttarfélagin

FRAMSYN
STÉTTARFÉLAG PINGEYJINGA

Kleinur með kaffinu

Starfsfólk stéttarfélaganna á Húsavík fékk sér aldrei þessu vant kleinur með kaffinu á dögunum. Fréttaritari heimasíðunnar hafði fundið yndislegan kleinuilm berast inn um glugga skrifstofunnar og ákvað að kanna málið betur.

Ílmurinn leiddi hann yfir götuna að Miðjunni, hæfingu fyrir fatlaða, þar sem verið var að baka og selja nýbakaðar kleinur. Fréttaritarn stóðst ekki mátið, keypti tvo poka og færði samstarfsfólki sínu með kaffinu.



Jóna Rún, Anna María, Kiddi og Gerða stóðu vaktina í Miðjunni sem er í búnaði gamla pósthússins á Húsavík og seldu nýbakaðar kleinur. Einn poki af dýrindiskleinum kostaði aðeins 500 krónur.



Hjördís Sverrisdóttir rekstrarstjóri er hér ásamt góðum viðskiptavini, Elinborgu Benedíksdóttir sem var stödd í Reykjadalnum en hún kemur reglulega og snyrtir hárvöxt heimamanna en hún býr um þessar mundir fyrir sunnan. Þegar við vorum á ferðinni í síðustu viku voru heimamenn að láta snyrta sig sérstaklega vel enda þorrból Reykðælinga framundan um helgina. Á Laugum er rekin öflug verslun og veitingasala og hefur Hjördís yfirstjórn með daglegri starfsemi en sérstakt blutafélag er um reksturinn. Þá má geta þess að kreppukaffið sem Hjördís og Co. fyrir á laugardögum er afar vinsalt. Þangað koma allir málsmetandi menn úr Reykjadalnum og kryfja málin til mergjar.

Ánægður með Íslandsferðina



Terje er hér í heimsókn í Gljúfrastofu í Kelduhverfi en hann var mjög hugfangin af svæðinu og starfsemi Framsýnar.

Terje Havroy, menningarfulltrúi norsku verkalyðshreyfingarinnar kom fyrir skömmu til Húsavíkur. Terje var hér að kynna sér menningu og starfsemi stéttarféлага á Íslandi, ekki síst á landsbyggðinni. Hann dvaldi á Húsavík í nokkra daga. Hann notaði tímann vel og

fundaði með starfsmönnum og forsvarsmönnum stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum auk þess sem hann kynnti sér menningartengda ferðapjónustu. Þá var honum einnig boðið í kynnisferðir um svæðið. Terje lét vel af dvölinni á Húsavík enda margt sem vakti athygli hans.

Norðursigling á siglingu

Nú í vetur stendur hvalaskoðunar- fyrirtækið Norðursigling í stórræðum, stærstu verkefni eru framkvæmdir við tvo eikarbáta sem gera á klára fyrir sumarið. Í Danmörku er verið er að breyta nýjasta bát fyrirtækisins, Hildi í skonnortu og hér heima er verið að gera stærsta bátinn í flota

þeirra, Garðar, kláran til að geta flutt 120-150 farþega. Bæði verkin eru gríðar stór og því er öflugt teymi manna sem kemur að þessum breytingum. Erindreki Framsýnar kíkta í heimsókn í Garðar sem liggur í Húsavíkurhöfn til að sjá hvernig framkvæmdirnar gangu.



Benni og Bergur eru að eigin sögn þúsundþjalasmíðir. Eins og sést eru þeir gríðarlega verkelegir ungir menn og greinilega ekki á leiðinni á ball.



Setið á rassinum. Jónas og Síggi Steini eru yfir-kalfattarar fyrirtækisins. Þeir sögðust vera búnir að sitja við þetta í rúma viku og reiknuðu með að sitja í viku í viðbót.

Auglýsing um framboðsfrest og kjör í trúnaðarstöður hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar fyrir starfsárin 2010-2012.

Aðalstjórn:

Svala Sævarsdóttir
Kristín Kristjánsdóttir
Hulda I. Einarsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Sígús Kristjánsson

formaður
varaformaður
ritari
gjaldkeri
meðstjórnandi

Vinnustaður:

B.J.vinnuvélar
Verkalýðsf. Þórshafnar.
Dvalarheimilið Naust
Leikskólinn Barnaból
Geir PH 150

Til vara:

Magdalena S.Zawodua
Kristín Alfreðsdóttir
Þórður Úlfarsson
Guðrún Þorleifsdóttir
Guðmundur Jóhannsson

Leikskólinn Barnaból
Húsmóðir
Ísfélag Vestmanneyja
Sólco ehf
Geir PH 150

Sjúkrasjóður:

Svala Sævarsdóttir
Líney Sigurðardóttir
Kristinn Lárusson
Til vara:
Kristín Kristjánsdóttir
Jón Viðar Brynjólfsson

B.J.vinnuvélar
Lyfja
Ísfélag Vestmanneyja
Verkalýðsf.Þórshafnar
Ísfélag Vestmanneyja

Trúnaðarráð:

(stjórn, varastjórn, 5 menn og 5 til vara)

Dóra Leósdóttir
Kristín Óladóttir
Svanur Snæþórsson
Albert Sigurðarson
Björg Þóroddsdóttir

Húsmóðir
Grunnskólinn á Þórshöfn
Ísfélag Vestmanneyja
Myllan ehf
Langanesbyggð

Til vara:

Sigurborg Hulda Sigurðardóttir
Lilja Ólafsdóttir
Margrét E. Nielsdóttir
Hrafnhildur Þorleifsdóttir
Aðalbjörn Arnarsson

Ísfélag Vestmanneyja
Grunnskólinn á Þórshöfn
Veitingastofan Marísa
Sparisjóður Þórshafnar
Ýting ehf

Kjörstjórn:

Dagbjört Aradóttir
Eypör Jónsson

Langanesbyggð
Íþróttamiðstöðin Verið

Til vara:

Aðalbjörg Jónasdóttir
Niels Þóroddsson

Ísfélag Vestmanneyja
Ísfélag Vestmanneyja

Orlofssjóður:

Stjórn Verkalýðsfélagsins hverju sinni.

Félagskjörnir endurskoðendur:

Jóhanna Helgadóttir
Elfa Benediktsdóttir
Til vara:
Sólveig Óladóttir

SJ bókhaldspjónusta ehf.
Ísfélag Vestmanneyja
SJ bókhaldspjónusta ehf.

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingartillögum um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu samkvæmt lögum félagsins. Gefin er frestur til 20. febrúar 2010 til að skila inn nýjum tillögum. Þeim skal skilað á skrifstofu félagsins á Þórshöfn. Komi til kosninga fara þær eftir lögum ASÍ.



Guðmundur Ólafsson verktaki og Arni Gunnarsson bafa undanfarna mánuði unnið að því að byggja upp heimskautagerðið á Rauðarhöfn. Það að framkvæmdir skulu hafnar við gerðið eru afar ánægjulegar fréttir fyrir íbúa Rauðarhafnar og munu án efa efla svæðið til muna. Aðstandendur Heimskautagerðisins eiga heildur skilinn fyrir að brinda þessari mögnuðu hugmynd í framkvæmd. Með battum vegasamgöngum austur um til Rauðarhafnar og Þórshafnar má reikna með að fjöldi ferðamanna muni stórkæst á næstu árum sem gerir ekkert annað en að efla svæðið.

Þú færð meira fyrir Aukakrónur

Þú safnar Aukakrónum þegar þú notar A-kortið þitt og fyrir þær getur þú keypt allt mögulegt sem þig vantar eða langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á **aukakronur.is**



A-kortin

Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig



AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000



Landsbankinn

Veistu hvað þú
eyðir miðað við aðra?



MENIGA

| Heimilisbókhald Íslandsbanka

Meniga er eina heimilisbókhaldið sem
gerir þér kleift að bera útgjöld þín saman
við útgjöld annarra notenda.

Skráðu þig í Meniga í Netbanka Íslandsbanka

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000


Íslandsbanki